



18 tóku þátt í sundmóti

Ungmennafélag Víkings Reyns hélt nýársundmót miðvikudaginn 12. febrúar síðastliðinn. 22 iðkendur æfa sund hjá félaginu og tóku 18 öflugir krakkar þátt á sundmótinu í þetta skiptið.

Allir stóðu sig mjög vel og hlutu verðlaunapening fyrir sem mikil kátína var með. Það var Kvenfélag Hellissands sem styrktu sundgarpana um þetta mót og mættu þrjár konur frá félaginu sem aðstoðuðu Helgu Guðrúnu Sigurðardóttir, sundþjálfara, með tímátöku og fleira sem kemur að mótshaldi.

Eftir myndatöku að mótinu loknu var haldið í áralanga hefð og Helgu Guðrúnu hent ofan í sundlauginá í fótunum, börnunum til mikillar lukku.

SJ



Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Fyrsti leikurinn í Lengjubikarnum

Lengjubikarinn er hafinn að nýju og spilar Víkingur þar í 2. riðli B deildar karla. Fyrsti leikur Víkings í lengjubikarnum var spilaður í Kórnum í Kópavogi föstudaginn 14. febrúar síðastliðinn þar sem þeir heimsóttu Ými. Daginn fyrir leikinn fékk Víkingur þrjá leikmenn til viðbótar við liðið, sem allir eiga það sameiginlegt að heita Björn. Það voru þeir Björn Henry Kristjánsson frá KV, Björn Darri Ásmundsson frá Kára og Björn Óli Snorrason frá Reyni Hellissandi, þá hefur liðið einnig samið við ÍA um að fá Kristófer

Áka Hlínason að láni á tímabilinu. Bikarkeppnin byrjaði erfiðlega hjá Víkingum en í fyrri hálfleik þessa fyrsta leiks skoruðu leikmenn Ýmis 6 mörk. Lítið gerðist í seinni hálfleik svo að lokum fór leikurinn 6-0 fyrir Ými. Þá áttu Víkingar leik við Víði frá Garði í Nettóhöllinni í Reykjanesbæ 23. febrúar. Þar átti Víðir eitt mark í net Víkinga á 69. mínútu og lauk leiknum með 1-0 sigri Víðis. Næsti leikur Víkings verður heimaleikur á Akranesvelli þann 28. febrúar þar sem þeir taka á móti Ægi.

SJ

Kallað eftir aðgerðum í vegamálum



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og sveitarfélögin á Vesturlandi sendu á dögunum forsætisráðherra formlegt bréf þar sem kallað er eftir aðgerðum vegna alvarlegs ástands í vegamálum á svæðinu. Eins og flestir hafa tekið eftir eru vegirnir í lélegu standi og hafa m.a. verið miklar bikblæðingar á vegum en sveitarfélögin hafa verið að þrýsta á stjórnvöld og krefjast úrbóta. Í erindinu er óskað eftir fundi sem fyrst með forsætisráðherra svo að hægt sé að ræða skipun viðbragðshóps um

aðgerðir svo að tryggja megi öryggi íbúa svæðisins og þeirra sem fara um vegina. Áhersla er einnig lögð á að ástand veganna megi ekki valda skerðingu á atvinnu- og mannlífi á svæðinu. Í bréfinu kom einnig fram að Almanna- varnarnefnd Vesturlands hafi verið tilkynnt um það ástand sem hefur skapast á vegum svæðisins þar sem sveitastjórnirnar töldu að neyðarakstri væri stefn í hættu og öryggi almennings þar með. Erindið má finna í heild sinni á heimasíðunni www.ssv.is.

JJ

Ragnildur ráðin þjóðgarðsvörður



Ragnildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsjökuls, hefur verið ráðin sem þjóðgarðsvörður í Snæfellsjökulsþjóðgarði. Ragn-

ildur mun því stíga til hliðar sem framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsness og tekur hún við nýju starfi í þjóðgarðinum í apríl. Ragnildur hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins frá stofnun hans árið 2014. Tekur hún við starfinu af fráfaraði þjóðgarðsverði Hákonni Ásgeirssyni, en hann hefur sinnt starfinu frá því í júlí 2022. Hákon fer þó ekki langt og mun hann áfram starfa að náttúruverndarmálum hjá stofnuninni en nú sem sviðstjóri á stjórnunar- og verndarsviði Náttúruverndarstofnunar.

SJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Verkfall í FSN

Þann 21. febrúar hófst verkfall kennara og stjórnenda sem eru í Kennarasambandi Íslands í Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Þeir sem eru í verkfalli í skólanum eru allir framhaldsskólakennarar, náms- og starfsráðgjafi, aðstoðarskólameistari og deildarstjóri starfsbrautar. Skrifstofulltrúi, húsvörður, ræstingarnir, umsjónarmaður tölvumála, skrifstofustjóri, fjármálastjóri, deildarstjóri á Patreksfirði og skólameistari eru ekki í verkfalli og halda því áfram sinna sínum störfum. Engin kennsla verður í skólanum á meðan verkfalli stendur enda er óheimilt að ganga í störf kennara á meðan verkfalli stendur. Skólinn er þó opinn alla virka daga á dagvinnutíma og geta nemendur því haldið áfram að sinna námi sínu upp

að vissu marki og eru þeir hvattir til þess þó svo að öll kennsla falli niður.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Steinar Henry á landsliðsæfingar

Steinar Henry Oddsson er meðal þeirra drengja sem munu æfa í Hæfileikamótun N1 og KSÍ. Ómar Ingi Guðmundsson, þjálfari U15 landsliðs Íslands sá um valið og munu æfingarnar fara fram dagana 27. og 28. febrúar næstkomandi í Miðgarði í Garðabæ. Í Hæfileikamótun N1 og KSÍ koma saman ungir og hæfileikaríkir leikmenn frá félögum víðsvegar af landinu og æfa saman. Helstu markmið með þessu verkefni er að fjölga þeim leikmönnum sem fylgst er með og undirbúa og fræða yngri leikmenn fyrir hefðbundnar landsliðsæfingar. Auk þess er þetta gert til að mæta þörfum og koma til móts við minni staði á landsbyggðinni sem og koma til móts við leikmenn stærri félagar sem að öllu jöfnu væru ekki valdir á landsliðsæfingar. Frábært afrek hjá Steinari að komast í þennan úrtakshóp og ánægjulegt að sjá

að ungt fólk heldur áfram að sýna framúrskarandi árangur í fótbolttanum.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Ekki bara lopapeysa



Hópur af frábæru fólki tók þátt í tveggja daga námskeiði á vegum Erasmus dagana 7. - 8. febrúar þar sem yfirheiti námskeiðisins var „Endurvinnsla ulla“. Erasmus stóð fyrir námskeiðum í þremur löndum, Póllandi, Íslandi og Ítalíu. Markmiðið var að varpa sýn á fjölbreytta endurvinnslu.

Fyrsta daginn tók hópurinn þátt í verklegri kennslu í Smiðjunni dagþjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu. Þórheiður Elin forstöðuþroskabjálfi kynnti skipulag á daglegu starfi Smiðjunnar. Fór yfir helstu verkefni og markmið í því mikilvæga starfi sem er unnið þar alla daga. Í kjölfar kynningar tók Viktoría K Antonsdóttir við ásamt Aga og byrjaði verklegi hluti námskeiðisins. Meginefni var afgangssauðaull. Þátttakendur fengu tækifæri til að læra blautþæfingu. Þátttakendur bjuggu til lyklakippur, ulla skreytingar, skartgrip, ulla-sápu hlífar og skreyttu myndaranna. Alla þessa einstaka hluti fengu þátttakendur að taka með sér heim, sem minjagrip. Í hléinu var boðið upp á ljúffenga fiskisúpu og hamborgara, sem Matarlist útbjó. Á meðan gátu þátttakendur kynnst betur og njótið stundarinnar með góðum félagskap. Námskeiðið hélt svo áfram daginn eftir þar sem ulla-rævintýri þátttakenda leiddi

þá á Breiðablik. Þar tók Ragnhildur Sigurðardóttir á móti hópunum í Íbúa og gestastofu Snæfellsness og kynnti fyrir þeim ferðamanna og náttúruverðmæti Snæfellsness. Harpa Björk Eiríksdóttir hélt einstaka kynningu á vinnslu sauðaulla. Þátttakendur fengu kynningu á því hvernig ull sé safnað og þríf. Einnig fengu þau að prufa að greiða úr ull og jafnvel vinna með hana í snúningshjól. Gaman er að segja frá því að þátttakendur tóku einnig þátt í smá keppni og fengu svo verðlaun. Hressing dagsins var vídeigandi en allir fengu dýrindis kjötsúpu og hélt hópurinn svo áfram á Foss. Gestgjafinn hún Helga María Magnúsdóttir sagði frá lífi og störfum á íslenskum sveitabæ. Hún fræddi okkur um íslenska sauðfjárrækt og útbjó íslenskar pönnukökur fyrir þátttakendur. Þetta var yndislegur tími. Þátttakendur á námskeiði, bæði sérfræðingar og áhugamenn, gamlir sem ungir skiptust á reynslu sem tengdist ýmsum aðferðum við vinnslu og notkun á ull, svo sem þæfingu, vefnaði, þrjóni eða hekli. Þátttakendur fóru reynslunni ríkari út úr þessu skemmtilega námskeiði sem var styrkt að fullu af Erasmus. Námskeiðið var skemmtilegur vettvangur fyrir þátttakendur að oölast nýja þekkingu og ný sambönd við aðra þátttakendur, þar á

meðal alþjóðlegum. Þátttakendur sneru heim reynslunni ríkari með nýja færni, hugmyndir og, vonandi ógleymanlegar minningar.

Markmið verkefnisins okkar er að stuðla að minnkun úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu í sveitarfélögum með kynslóða- og menningar samskiptum. Við erum að skipuleggja 9 landsnámskeið í 3 mismunandi löndum, Íslandi, Póllandi, Ítalíu, hvert með 16 þátttakendum, þar sem eldra fólk mun deila með yngri þátttakendum aðferðum við að endurvinna mat, föt og búsaðhöld. Í staðinn mun ungt fólk kynna fyrir eldra fólki nýja tölvutækni og skrásetja fundina með því að nota myndir, vef gallerí eða með rafbók, til að virkja og fræða komandi kynslóðir.

Á Íslandi eru endurvinnsluvinnustofur í Ólafsvík, Reykjavík og Keflavík.

Þann 22. febrúar 2025 var haldin vinnustofa í Keflavík, þar sem lært var að nota matvæli skynsamlega, draga úr matarsóun á áhrifaríkan hátt og geyma matinn. Í verklegum tímum gátu þátttakendur útbúið dýrindis máltíðir úr endurunnu hráefni.

Þann 1. mars 2025 verður haldin vinnustofa í Reykjavík, um notaðan fatnað og sjálfbæra tísku. Á fundinum verður meðal annars farið í tiskudeild LHÍ við Listaháskóla Ís-

lands og einnig verður námskeið með íslenska textillistamanninum Yrurari sem kennir nýja endurvinnslutækni.

Á alþjóðlegum vinnustofum geta þátttakendur frá mismunandi löndum skipst á athugunum frá landsfundunum. Helstu niðurstöður eru:

- Skipuleggja 10 vinnustofur (9 innlendar, 1 alþjóðleg) sem stuðla að símenntun, þátttöku og fjölbreytileika kynslóðanna.

- Gerð vefgallerí/rafbókar sem miðar að því að hvetja ungt fólk til að taka upp umhverfisvæna starfs hætti og stuðla að virkri þátttöku eldra fólks.

Verkefnið mun ná til fjölskyldumeðlima og félagslegra neta þátttakenda, og auk þess að minnsta kosti 100 vef gallerí/rafbóka viðtakenda í hverju landi og með því deila hagnýtum ráðleggingum um endurvinnslu og menningar þekkingu. Þetta framtak eykur gagnkvæman menningar skilning, tungumálakunnáttu og persónulegan þroska. Þar að auki mun þetta styrkja alþjóðleg tengsl og hvetja til framtíðar umhverfisvæna verkefna. Fyrir samtökin sem taka þátt í verkefninu veitir það dýrmæta reynslu í verkefnastjórnun og greiðir brautina fyrir frekara samstarf.

Agnieszka Imgront

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Ólafsvíkirkirkja – miðvikudaginn 26. febrúar kl. 18:30
Guðsþjónusta á léttum og fjölskylduvænum notum

Súpa og sálmar

Velkomin öll og alltaf

Gjaldskrá

vegna Félagsheimilisins Rastar fyrir árið 2025

a) Dansleikur (stóri salur og kaffisalur - án STEF gjalda)		96.600
~ húsaleiga	kr.	57.750
~ þrif á húsinu	kr.	38.850
ATHUGA - leigutaki greiðir fyrir þá dyraveði sem þarf að hafa skv. reglum hússins		
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags) - t.d. ættarn kr.		147.000
c) Veislur - allt húsið, þ.m.t. eldhúsið	kr.	57.750
d) Veislur - kaffisalurinn og eldhúsið	kr.	31.500
e) Fundir - kaffisalur og stóri salur saman	kr.	42.000
f) Fundir - stóri salurinn	kr.	31.500
g) Erfidrykkjur	kr.	30.000
h) Fundir - kaffisalurinn	kr.	21.000
i) Fundir félagsamtaka	kr.	5.000
j) Minniháttar samkomur á vegum félagsamtaka	kr.	20.000
~ þetta á við um fjáraflanir þar sem félagsamtökin sjá sjálf um þrif, t.d. Páskabingó, jólabingó, o.s.frv.		
~ þetta á EKKI við um stærri viðburði eins og t.d. Sjómannadagshóf, þorablót eða slíkt		

- * Húsinu skal skilað hreinu, eins og tekið var við því, og allt á sínum stað.
- * Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (sjá teikningu í eldhúsi).
- * Þrif eru ekki innifalin í leiguverði, nema f. dansleiki, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á kaffisal	kr.	23.100
~ Þrif á stóra salnum	kr.	38.850
- * Ef óskað er eftir því að nota ljósa- og/edá hljóðbúnað hússins, skal hafa samband við umsjónarmann sem útvegar fólk sem leigutaki greiðir fyrir skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Ljósa og hljóðmaður pr. klst.	kr.	15.750
---------------------------------	-----	---------------

ATHUGIÐ! Gjaldið er pr klst og greiðist skv. skilubum tímum ljósa- og hljóðmanns!
- * Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.
~ Samið er um verð við umsjónarmann
- * Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Röst er ábyrg fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka.
Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.

